



Skipulagsstofnun

Hafnarfjarðarbær
Þormóður Sveinsson, skipulagsfulltrúi
Strandgata 6
220 Hafnarfjörður

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	15.9.2020
Málsnr:	1909118
Bréfsl:	512

Reykjavík, 10. september 2020
Tilvísun: 202008013 / 3.5

Efni: Breyting á deiliskipulagi Suðurbæjar sunnan Hamars, Suðurgata 41 og Hlíðarbraut 10 og 12, Hafnarfjörður

Hafnarfjarðarbær hefur, með erindi dags. 4. ágúst 2020, sent Skipulagsstofnun breytingu á ofangreindu deiliskipulagi til yfirferðar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagsлага og var málsmæðferð skv. 1. mgr. 43. gr. laganna. Athugasemdahesti lauk 4. júní 2020. Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt óbreytt í bæjarstjórn þann 17. Júlí 2020 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa um framkomnar athugasemdir, dags. 25. júní 2020.

Samhliða er gerð breyting á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 þar sem svæði fyrir samfélagsþjónustu S20 er minnkað og íbúðarbyggð ÍB6 stækkuð sem þeirri minnkun nemur.

Deiliskipulagsbreytingin gerir ráð fyrir að í stað þriggja lóða er gert ráð fyrir fimm lóðum þar sem heimilt er að reisa tvö einbýlishús og tvö tvíbýlishús. Mörk lóða breytast án þess að heildarstærð svæðis breytist. Gert er ráð fyrir niðurrifi bygginga að hlut á lóð nr. 41 við Supðurgötu og byggingu á lóð Hlíðarbrautar 10. Innan lóðar Suðurgötu 41 eru afmörkuð 40 bílastæði. Fyrirhugað er að friða byggingu þá sem stendu á lóð Suðurgötu 41.

Deiliskipulagsbreytingin er sett fram á kortblaði með greinargerð, skýringamyndum og uppdraðetti í mkv. 1:1000/500, dags. 28. febrúar 2020.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og getur ekki tekið afstöðu til deiliskipulagsins þar sem ekki liggur fyrir svar sveitarfélagsins við bréfi stofnunarinnar dags. 27. ágúst sl. vegna breytingar á gildandi aðalskipulagi fyrir umrætt svæði.

Jafnframt er bent á að umsögn Minjastofnunar Íslands þarf að liggja fyrir við endanlega afgreiðslu deiliskipulagsins.

Unnsteinn Gislason
Unnsteinn Gislason